



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Landslag ehf

Skólavörðustíg 11
101 Reykjavík

Reykjavík 7. september 2020
MÍ202008-0025/ 6.09 / 5221

Efni: Skiphóll Varmárbakkar Mosfellssveit - deiliskipulagsbreyting

Með tölvupósti dagsettum 12. ágúst 2020 óskaði Hulda Sæland hjá Landslagi eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi fyrir hestaípróttasvæði á Varmárbökkum. Deiliskipulagsuppdráttur dags. ágúst 2020, sem sýnir breytingar barst Minjastofnun í tölvupósti 18. ágúst.

Fyrir liggur fornleifaskráning Mosfellsbæjar útgefin 2006 af Þjóðminjasafni Íslands, sem gerð var fyrir gildistöku nágildandi laga um menningarminjar nr. 80/2012 og uppfyllir ekki nágildandi staðla Minjastofnunar um skráningu menningarminja vegna skipulags og framkvæmda sbr. 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Innan deiliskipulagsreitsins er Skiphóll er sem er friðaður sem fornleifar, skv. 3. grein laga um menningarminja nr. 80/2012. Þegar hefur verið lagður vegur norðan við hólinn og við það hefur hólinn verið skemmdur eins og kemur fram í fornleifaskrá. Minjavörður hefur kannað svæðið og staðfest að svo er. Nú er óskað er leyfis til að færa veg norðan við Skiphól, og þá að leggja af veginn sunnan við hann. Minnt er á að samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 njóta friðaðar fornleifar 15 metra friðhelgi.

Minjastofnun getur fallist á að vegur verði færður norður fyrir Skiphól. Þar sem fornleifaskráning uppfyllir ekki kröfur Minjastofnunar um skráningu sbr. 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 er gerð krafa um að fornleifafræðingur verði fenginn til að mæla hólinn upp til að hægt sé að staðfesta ytri mörk hans og afmarka 15 metra helgunarsvæði áður en vegstæði verður útmælt í samráði við Minjastofnun.

Á deiliskipulagsuppdraetti eru sýndar þrjár nýjar lóðir austast á svæðinu og taumhringur utan við þær. Engar þekktar fornleifar eru á því svæði en þar sem fornleifaskrá á deiliskipulagssvæðinu skal uppfærð er

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is


Kennitala: 440113-0280

**Guðný Gerður
Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nág. guðnygerdur@minjastofnun.is

jafnframt gerð krafa um að svæðið austast á deiliskipulagsreit verði skoðað á vettvangi með tilliti til fornleifa.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Hulda Sæland (hulda@landslag.is)
Hákon Hákonarson (hakon@tryggir.is)
Mosfellsbær – skipulagsfulltrúi (skipulag@mos.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.